

AUGLÝSING

um söluskattsskírteini.

Ákveðið hefur verið, að heimildarskírteini samkv. 11. gr. laga nr. 10/1960, sem skattstjórar hafa gefið út eða endurnýjað til að gilda á árinu 1964, skuli einnig gilda á árinu 1965 án sérstakrar endurnýjunar af hálfu skattstjóra. Þetta gildir þó ekki, ef fyrirtæki ber að tilkynna um breytingu á starfsháttum eða heimilisfangi, sbr. 11. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1964.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Tómas Gunnarsson.

31. desember.

Nr. 282.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 28. nóv. 1964 og innheimta á árinu 1965 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfangjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1964.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.